



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla - R20010244

Á fundi borgarráðs 23. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla:

Flokkur fólksins sér margar mótsagnir í málflutningi um opnunartíma leikskólanna. Grundvallarvandinn er manekla og undirmönnum sem meirihlutinn hefur ekki viljað leysa málið. Til að leysa málið þarf að setja fjármagn í málauflokkinn svo hægt sé að ráða fólk. Talað er um álag og að það minnki mikið álag að stytta tímam en samt sagt að aðeins örfa börn séu fyrsta og síðasta hálftímann? Hér slær nokkuð úr og í og eru ekki allir leikskólakennrarar á sama máli. Af hverju má ekki nota Afleysingastofu til að dekka þennan tíma? Verið var að samþykka að víkka út Afleysingastofuna og er því vel hægt að fá afleysingu á dag basis eftir þörfum en ekki að afleysing sé aðeins notuð til að leysa af í veikindum. Sagt að þeir foreldrar sem þetta kemur illa við fái aðlögunartíma, en hvað gerist eftir að sá tími er liðinn? Sumir leikskólar eru með styttri opnunartíma, hvað gera foreldrar þar sem þurfa lengri tíma? Talað er um mótvægisáðgerðir, hvernig eiga þær að vera? Á að finna millivistun fyrir barnið, ættar Félagsþjónustan að reyna að semja við atvinnurekanda fyrir þessa foreldra sem lenda í vanda?

Svar:

Opnunartími leikskóla hefur lengi verið til umfjöllunar eða allt frá því að stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs lagði fram áfangaskýrslu sína á 177. fundi sínum þann 14. janúar 2020 þar sem var tillaga um breyttan opnunartíma frá 7.30 – 16.30.

Á fundinum var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt reglum um leikskólaþjónustu og jafnréttisskimun, dags. 9. janúar 2020:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gerð verði breyting á 1. mgr. í gr. 1.b í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Ákvæðið er nú svohljóðandi: Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:00 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu og hálfá klukkustund að hámarki á dag. Eftir breytingu orðast ákvæði svo: Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30 og börn geta dvalið í leikskólanum í níu klukkustundir að hámarki á dag. Samþykkt er að sett verði eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða í reglur um leikskólaþjónustu: Ekki eru gerðir nýir dvalarsamningar né heldur lenging á gildandi dvalarsamningum fram yfir kl. 16:30. Frá 1. apríl 2020 verða dvalarsamningar, sem nú þegar eru í gildi og ná til lengri tíma en 16:30, að hámarki til kl. 16:30. Foreldrum og forsjáraðilum með gildandi dvalarsamninga til kl. 16:45 eða 17:00 er heimilt að sækja um aðlögunarfrest til 1. ágúst 2020 vegna sérstakra aðstæðna. Breyting taki gildi frá og með

samþykkt borgarráðs.

Tillagana var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Á 5571. fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga borgarstjóra:

Í samráði við stýrihóp skóla- og frístundaráðs um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík er lagt til að fram fari ítarlegt jafnréttismat á tillögu um breyttan opnunartíma á leikskólum. Mikilvæt er að fá skoðanir foreldra fram í þeirri vinnu og þá sérstaklega þeirra sem eru með dvalarsamninga eftir kl. 16.30 og greina aðstæður þeirra. Greina skal sérstaklega þann hóp foreldra sem muni eiga erfitt með að mæta þessari breytingu á opnunartíma. Einnig er mikilvægt að fá mat á því hvort grípa megi til mótvægisaðgerða vegna tillögurnar til þess að vinna að auknu jafnrétti. Að loknu jafnréttismati muni borgarráð taka tillöguna til endanlegrar meðferðar.

Við tók vinna við ítarlegt jafnréttismat og í kjölfarið rýni stýrihópsins á niðurstöðum þess.

Á 209. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25.maí 2021 lagð stýrihópurinn fram lokaskýrslu sína þar sem lögð var fram ný tillaga um opnunartíma leikskóla, sem byggði á niðurstöðum jafnréttismatsins. Tillagan var svohljóðandi:

Lagt er til að opnunartími í leikskólum borgarinnar verði frá kl 7.30 – 16.30, í stað 7.30 -17.00 eins og verið hefur undanfarin ár.

- *Að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verið þó opnir til kl 17.00 til að koma til móts við þann hóp foreldra sem þarf á dvöl að halda eftir kl. 16.30.*
- *Til viðbótar er lagt til að dvalartími barna verði að hámarki 9 klukkustundir daglega og að innan vikunnar geti börn haft mismunandi dvalartíma í allt að 42,5 klst. á viku.*
- *Miðað verði við að grunnmönnum leikskóla nái yfir tímann frá kl 8.00 til 16.30 en að þeir leikskólar sem bjóða upp á lengri opnunartíma fái fjárheimildir til að tryggja nauðsynlega mönnun allan opnunartíma leikskólans .*

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.

Gert er ráð fyrir að foreldrar fái rúman aðlögunartíma að breytingunni og geti, frá 15. ágúst nk., óskað eftir því að halda núverandi dvalarsamningi barna sinna til september 2022. Þetta á einnig við um dvalarsamninga þeirra barna sem voru með dvalartíma eftir 16:30, áður en opnunartími var styttur vegna sóttvarnaraðgerða (Covid-19) og foreldrar breyttu dvalarsamningum sínum af þeim sökum. Frá hausti 2022 taki gildi almennur opnunartími leikskóla frá kl. 7.30-16.30. Framangreindum hópi verði á aðlögunartíma boðið að sækja um flutning á milli leikskóla og nýta opnunartíma til kl. 17:00 í ákveðnum leikskólum víðs vegar í borginni. Börn í þeim hópi fái forgang á flutning á milli leikskóla áður en ný börn verða tekin inn vegna flutningsumsókna eða af biðlistum fyrir haustið 2022. Þar til nýr opnunartími tekur gildi, verði ekki boðið upp á nýja eða breytta dvalarsamninga um dvalartíma eftir kl. 16:30, nema í þeim leikskólum sem verða opnir til kl. 17:00.

Um tveggja ára tilraunaverkefni verði að ræða og verður árangur og reynsla af starfinu metin á áföngum á tímabilinu. Mælikvarðar og markmið skulu skilgreind nánar í upphafi verkefnis og mun mat á árangri taka tillit til barna, starfsmanna, stjórnenda, foreldra, þróunar á dvalartíma barna og lykiltölum í rekstri.

Þeir leikskólar sem verða opnir til 17:00 fái fjárheimildir til að tryggja fullnægjandi mönnun á lengri opnunartíma skólans. Það á einnig við um þá leikskóla sem þurfa að hafa opið lengur á

aðlögunartíma.

Hópurinn hefur lauslega skoðað til hvaða leikskóla ætti að horfa varðandi opnun til kl. 17.00 út frá dreifingu leikskólanna í borginni, stærð þeirra og fjölda húsa, auk fjölda dvalarsamninga fram yfir kl. 16.30. Sú vinna þarfust nánari rýni áður en ákvörðun er tekin.

Tillagan var samþykkt og bíður nú afgreiðslu borgarráðs.

Virðingarfyllst

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir
skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála
Skóla-og frítundasviðs Reykjavíkur

